

1. Samnorræn samgöngustefna

Samtök sem leggja fram tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Danmörku

Samtök sem styðja tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi, Ungmennadeild Norræna félagsins á Íslandi

Á Norðurlöndum eru mörg sameiginleg landamæri. Margt fólk býr, vinnur og fer í frí milli landa. Það eflir norræna samkennd þegar við kynnumst tungumálum, menningu og samfélögum hvert annars og nálgumst um leið markmiðið um að Norðurlöndin verði samþættasta svæði heims. Þetta getum við meðal annars vegna þess að samgöngu- og flutningaleiðir á Norðurlöndum eru samhangandi og aðgengilegar. Til að tryggja að við getum áfram byggt upp vinnumarkað landanna og notið góðs af nánnum samskiptum til framtíðar ættu norrænu ríkisstjórnirnar að vinna saman og samræma áætlanir og verkefni á sviði samgangna og flutninga.

UNR leggur til að:

- Norðurlandaráð komi á fót ráðherranefnd um samgöngumál;
- þjóðhagsleg fjárfestingarlíkön meti ítarlega þá þróun sem á sér stað þvert á landamæri Norðurlanda;
- gerðar verði sameiginlegar samgönguáætlanir til þess að tryggja aðgengi að innviðum þar sem löndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta.

3. Sérstakt pósthfang á landamærasvæði

Samtök sem leggja fram tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Danmörku

Samtök sem styðja tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi, Ungmennadeild Norræna félagsins á Íslandi

Þegar fólk þarf að koma sér upp símanúmeri í öðru norrænu landi en búsetulandinu er ekki öruggt að símafélagið leyfi því að stofna áskrift. Þetta er sérstaklega bagalegt þegar fólk starfar kannski í öðru norrænu landi en það býr í. Þau sem eiga reikning í banka í landinu án þess að hafa ekki fengið kennitölu standa ekki jafnfætis þeim sem búa í landinu, til dæmis vinum eða samstarfsfólki. Símanúmer innanlands getur verið mikilvægt til að fá aðgang að

þjónustu, svo sem að skrá sig á minniháttar viðburði, í félög eða millifæra peninga gegnum símgreiðslukerfi.

UNR leggur til að:

- vinnuferðalangar geti fengið sérstakt pósthfang (c/o heimilisfang) í öðru landi til að nota þar;
- nota megi erlenda vinnustaði sem c/o heimilisfang.

5. Eflt samstarf stjórnvalda um að aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi á Norðurlöndum

Sameiginleg ályktun ungliðahreyfingar Norræns frelsis (NFU)

Samtök sem leggja fram tillögu: Perussuomalainen nuoriso

Samtök sem styðja tillögu: Ungsvenskarna, Dansk Folkepartis Ungdom

Að alvarlegir glæpir séu að verða hversdagslegir viðburðir er hörmulegt fyrir þolendur og aðstandendur þeirra en einnig samfélagið í heild. Þessi þróun vekur ólgu og skapar óöryggi í löndunum. Skipulögð glæpastarfsemi teygir sig yfir landamæri og því verðum við að finna samnorrænar lausnir.

UNR leggur til að

- Norðurlandaráð auki miðlun upplýsinga milli norrænna stjórnvalda, svo sem lögreglu og tollayfirvalda;
- Norðurlandaráð auki aðgerðir þvert á landamæri gegn glæpum sem ná yfir landamæri;
- Norðurlandaráð efli aðgerðir gegn skipulagðri netglæpastarfsemi á Norðurlöndum.

6. Tryggt afhendingaröryggi á Norðurlöndum

Sameiginleg ályktun ungliðahreyfingar Norræns frelsis (NFU)

Samtök sem leggja fram tillögu: Perussuomalainen nuoriso

Samtök sem styðja tillögu: Ungsvenskarna, Dansk Folkepartis ungdom

Hafsvæðin umhverfis Norðurlönd eru mikilvæg fyrir frjálsa för fólks og varnings, milli Norðurlandanna og til annarra Evrópuríkja. Norðurlöndum stafar þó hættu af ófyrirsjáanlegri hegðun Rússa þar sem skemmdarverkum fjölga og fjölþáttahernaðar beinist að viðkvæmum innviðum, einkum í Eystrasalti.

Frjálsar siglingar verða ekki tryggðar við fordæmalausar aðstæður og því verður að tryggja afhendingaröryggi eftir öðrum flutningaleiðum. Það eru sameiginlegir hagsmunir Norðurlanda að búa sig undir fordæmalausar aðstæður og því ættu þau að vinna saman að þróun viðbúnaðaraðgerða.

UNR leggur til að

- Norðurlandaráð auki uppbyggingu járnbrautainnviða og flutningsgetu milli Norðurlandanna;
- Norðurlandaráð þróa samstarf milli björgunarsveita og almannavarna landanna.

12. Bann við auglýsingum um fjárhættuspil á öllum Norðurlöndum

Samtök sem leggja fram tillögu: SSU Sverige

Samtök sem styðja tillögu: AUF Norge

Fíkn skaðar ekki aðeins einstaklinginn sem við hana glímir, heldur einnig fjölskyldu hans, vini og samfélagið í heild. Auglýsingar um fjárhættuspil eiga þátt í að gera spilamennsku eðlilega í huga fólks og geta gert illt verra. Auk þess beinist herská markaðssetning sem birtist í sjónvarpi, útvarpi, samfélagsmiðlum og almenningsrými oft að ungum og viðkvæmum hópum. Áætlað er að spilafíkn kosti sænska ríkið 11,5 milljarða sænskra króna á ári af almannafé — fjármuni sem myndu nýtast betur til eflingar velferðarkerfinu. Önnur lönd hafa þegar tekið upp strangar takmarkanir eða bein bönn við auglýsingum um fjárhættuspil, sem sýnir að breytingar eru mögulegar. Eigi heilsa almennings að veða þyngra en gróði fjárhættuspilafyrirtækja þarf að innleiða bann við auglýsingum um fjárhættuspil alls staðar á Norðurlöndum. Þetta er nauðsynlegt skref til að draga úr skaðlegum áhrifum spilafíknar og byggja ábyrgt samfélag.

- UNR beiti sér fyrir banni gegn auglýsingum um fjárhættuspil í öllum norrænu löndunum með það fyrir augum að vernda heilsu og vellíðan ungs fólks.

15. Tekjutengdar hraðasektir

Samtök sem leggja fram tillögu: Sveriges Socialdemokratiska Ungdomsförbund (SSU)

Samtök sem styðja tillögu: Arbeidernes Ungdomsfylkning (AUF)

Sektir eru nú vægasta refsing sem beitt er í norrænu löndunum og nema þær föstum fjárhæðum. Tekjur hafa ekki áhrif á fjárhæð sektar og því finnur lágtekjufólk mun meira fyrir sektinni en hátekjufólk. Þetta þýðir einnig að sektir hafa í raun engan fælingarmátt fyrir hátekjufólk.

Í Finnlandi og á Álandseyjum hafa verið teknar upp tekjutengdar sektir, svonefndar dagsektir, þar sem fjárhæðin ræðst af fjárhagsstöðu hins dæmda. Þetta fyrirkomulag er sanngjarnara og tryggir að hin dæmdu finna fyrir refsingunni, óháð tekjustigi. Þekkt dæmi er finnskur kaupskýslumaður sem var gert að greiða sem nam um 1,4 milljónum sænskra króna í hraðasekt sem réðst af dagstekjum hans.

Til að auka öryggi í umferðinni, einkum meðal ungs fólks, og tryggja sanngirni alls staðar á Norðurlöndum, ættu öll löndin að taka upp tekjutengdar hraðasektir. Slíkt myndi tryggja að sektir hefðu raunverulega fælingarmátt fyrir alla þjóðfélagshópa.

- UNR leggur til að tekjutengdar hraðasektir verði teknar upp í öllum norrænu löndum, með öryggi ungs fólks í umferðinni fyrir augum.

16. Verndun einkasamskipta – nei við spjallvöktun

Samtök sem leggja fram tillögu: Sveriges Socialdemokratiska Ungdomsförbund (SSU)

Samtök sem styðja tillögu: Arbeidernes Ungdomsfylkning (AUF)

Togstreita milli öryggishagsmuna og persónuverndar verður æ augljósari á tímum stafrænnar tækni. Tillaga um svonefnda spjallvöktun (e. chat control), þar sem samskipti á netinu eru vöktuð og skönnuð í leit að ólöglegu efni, felur í sér verulega ógn við grundvallarfrelsi og -réttindi. Þess háttar kerfi myndu leiða til fjöldavöktunar á einkasamtölum án þess að grunur liggi fyrir um refsiverða háttsemi en þetta gengur gegn meginreglum réttarríkisins. Auk þess gæti þetta veikt dulkóðun sem myndi grafa undan öryggi í stafrænni þjónustu. Mannréttindasamtök á borð við Amnesty International og ýmsir sérfræðingar hafa varað við alvarlegum afleiðingum þessa. Í stað þess að taka upp ný

vöktunartæki ætti að beina sjónum að því að efla réttarkerfið eins og það er nú og tækni sem tryggir öryggi en einnig friðhelgi einkalífsins. Norðurlöndin ættu að bregðast sameiginlega og afdráttarlaust gegn spjallvöktun og standa vörð um frelsi og réttindi einstaklingsins á stafrænum tímum.

- UNR leggur til að Norðurlandaráð vinni að verndun réttar einstaklinga til einkasamskipta alls staðar á Norðurlöndum.

25. Ungt fólk snýr baki við kaldhæðni!

Sameiginleg ályktun Nordiska Centerungdomens Förbund (NCF)

Samtök sem leggja fram tillögu: Svensk Ungdom

Samtök sem styðja tillögu: Senterungdommen, Centerpartiets Ungdomsförbund, Keskustanuoret

Ungt fólk víða á Norðurlöndum rekst á æ fleiri hindranir sem koma í veg fyrir að þau geti skapað sér sjálfstætt og innihaldsríkt líf. Einkum þrjú atriði eru í brennidepli: atvinnuleysi, húsnæðismál og ástandið í heiminum. Atvinnuleysi er mikið meðal ungs fólks sem gerir mörgum erfitt að komast með sanngjörnum hætti á vinnumarkað. Húsnæðiskostnaður fer hækkandi og skortur á húsnæði á viðráðanlegu verði gerir ungu fólki æ erfiðara að koma undir sig fótunum. Þá kynda hnattræn vandamál eins og loftslagsbreytingar og stríðsátök undir framtíðarkvíða.

Til að snúa þessari þróun við þarf að veita ungu fólki tækifæri til að byggja upp sterka trú á eigin getu til að hafa áhrif. Atvinna og öruggt húsnæði eru grundvallaröryggi sem gerir ungu fólki kleift að taka virkan þátt í samfélaginu og hafa áhrif – án þessara stoða er hætt við að framtíðarvonin glatist. Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að efla þátttöku ungs fólks í samfélaginu svo næstu kynslóðir hafi bæði tæki, tækifæri og ekki síst hugarfar til að móta eigin framtíð.

UNR leggur til að:

- skólar styrki framtíðarsýn ungs fólks frá blautu barnsbeini og trú þess á eigin getu og framtíðina;
- opinberi geirinn á Norðurlöndum taki betur á móti fólki með ýmiss konar menntun og viðurkenni að ungt fólk sem hefur nýlokið námi í háskóla eða starfsmenntun sé hæft í ýmis störf;

- Norðurlöndin auðveldi ungu fólki að komast á húsnæðismarkað með því að tryggja fjölbreytta húsnæðiskosti og byggja meira leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði til þess að fleiri geta stofnað eigið heimili.

29. Aukin áhersla á matvælaöryggi

Sameiginleg ályktun Nordiska Centerungdomens Förbund (NCF)

Samtök sem leggja fram tillögu: Senterungdommen

Samtök sem styðja tillögu: Ungliðahreyfing Flokks fólksins, Svensk Ungdom, Keskustanuoret, Samband ungra framsóknarmanna

Landbúnaður og matvælaöryggi eru hornsteinar samfélagslegs öryggis í hverju landi. Öflugur og óháður landbúnaður er því mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Innrás Rússa í Úkraínu sem er einn helsti kornframleiðandi í heimi sýnir með skýrum hætti hvernig stríð getur haft áhrif á framleiðslu og útflutning landbúnaðarafurða. Loftslagsbreytingar og ófyrirsjáanlegt veðurfar torveldar einnig matvælaframleiðslu víða um lönd og ógnar útflutningi til Norðurlanda. Í framtíðinni verðum við að vera reiðubúin að framleiða fleiri matvörur sjálf í stað innfluttrar vöru, meðal annars með því að efla gróðurhúsarækt.

Ekkert Norðurlandanna er 100% sjálfbært þegar kemur að matvælaframleiðslu að svo stöddu og sum löndin, eins og Ísland og Noregur, framleiða minna en 50% til eigin þarfa. Hins vegar hafa Norðurlöndin af hendi náttúrunnar mismunandi yfirburði. Til að tryggja matvælaöryggi alls staðar á Norðurlöndum þarf að tryggja að við getum stutt hvert annað þegar kreppir að, Norðmenn geta til dæmis lagt til fisk en önnur lönd korn, grænmeti eða sykur. Eftir matvælaöryggi krefst bæði innlendrar ábyrgðar og aukins samstarfs milli Norðurlanda.

UNR leggur til að:

- unnin verði samnorræn stefna um samstarf um matvælaöryggi;
- komið verði á fót innlendum kornforða til að minnsta kosti þriggja mánaða;
- aukinn verði fjárstuðningur við gróðurhúsarækt og þróun hennar;
- eflt verði norrænt samstarf um viðbragðsáætlanir og gagnkvæma aðstoð við framboð matvæla ef innflutningur fellur niður.

33. Kröfur um mannsæmandi kjör hjá netvangsfyrirtækjum – fyrir réttlátan og ábyrgan vinnumarkað

Samtök sem leggja fram tillögu: Rød-Grøn Ungdom

Samtök sem styðja tillögu: Sosialistisk Ungdom, Unga Tjóðveldið

Netvangshagkerfið (e. platform economy) gegnir sífelld stærra hlutverki í samfélaginu. Wolt, Uber og önnur þjónustufyrirtæki sem byggjast á smáforritum hafa kynnt nýjar leiðir til að vinna – oft með miklum sveigjanleika en alltof oft án réttinda og verndar sem einkenna norrænan vinnumarkað.

Alltof margt starfsfólk hjá netvangsfyrirtækjum á hvorki rétt á veikindadögum, orlofi, bótum vegna vinnuslysa né lífeyrissjóðum. Starfsfólkið er oft skráð sem sjálfstætt starfandi, en starfar við aðstæður sem líkjast hefðbundinni ráðningu. Þetta skapar ójöfnuð og óvissu auk þess sem það grefur undan kjarasamningsbundnum réttindum.

Við viljum vera svæði sem skapar framfarir, þar sem tækninýjungar og samfélagsþróun fylgjast að – og þar sem enginn er skilinn eftir utan við samfélagið.

UNR leggur til að:

- starfsfólk netvangsfyrirtækja verði viðurkennt sem raunverulega ráðið launafólk með sambærileg réttindi og félagslega vernd;
- sett verði samnorræn viðmið og löggjöf til að tryggja gegnsæi og ábyrgð atvinnurekenda í netvangshagkerfinu;
- netvangsfyrirtækjum verði gert skylt að leggja sitt af mörkum til sameiginlegs ramma vinnumarkaðarins, þar með talið kjarasamninga, félagslegra trygginga og skattlagningar;
- norrænu ríkisstjórnirnar vinni saman að því að stýra og þróa stafrænt hagkerfi á þann hátt að réttindi starfsfólks séu tryggð og sjálfbær vinnumarkaður styrktur.

36. Vinna að stafrænu öryggi Norðurlanda

Samtök sem leggja fram tillögu: Sosialistisk Ungdom

Samtök sem styðja tillögu: Rød-Grøn Ungdom

Heimurinn stefnir hraðbyri í átt að stafrænu samfélagi. Það að við séum háð stafrænum kerfum annars staðar en á Norðurlöndum getur dregið úr fyrirsjáanleika kerfa sem norrænu ríkin reiða sig á. Við sjáum nú þegar afleiðingar þess að hafa takmarkaða stjórn á alþjóðlegum fyrirtækjum sem veita opinberum stofnunum stafræna þjónustu.

Fyrr á árinu 2025 varð Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn (ICC) fyrir barðinu á bandarískum refsiaðgerðum þegar Microsoft tók netfang yfirsóknara dómstólsins úr sambandi. Þessar aðgerðir komu í veg fyrir að dómstóllinn gæti sinnt störfum sínum sem skyldi og stöðva varð mikilvægar rannsóknir. Það er verulegt áhyggjuefni að missa bæði nauðsynlega rekstrargetu og kerfisbúnað í daglegum rekstri opinberra og einkarekinna vinnustaða.

Alþjóðleg tæknirisafyrirtæki hafa náð að koma sér fyrir í grunnstoðum stafrænnar innviðþjónustu á Norðurlöndum. Hvort sem um er að ræða stjórnsýslu eða varnarmálayfirvöld þá byggja stafrænar lausnir oft á kerfum sem geta ekki tryggt þjóðaröryggi. Öllum Norðurlöndum stendur raunveruleg ógn af þessu vegna þess að það dregur úr sjálfsforræði þeirra og berskjaldar löndin gagnvart utanaðkomandi pólitískum þrýstingi.

UNR leggur til að:

- takmörkuð verði notkun stafrænna innviða sem eru ekki norrænir í opinberum geira allra landanna;
- aukið verði norrænt samstarf um þróun tæknilegra stýrikerfa;
- alþjóðleg risatæknifyrirtæki verði skattskyld alls staðar á Norðurlöndum þar sem þau hafa umsvif;
- hækkaður verði styrkur til stjórnvalda á sviði persónuverndar í löndunum í samræmi við hraða stafrænnar þróunar.

38. Sameiginleg öryggisstefna um gervigreind á Norðurlöndum

Samtök sem leggja fram tillögu: Kristdemokratiska Ungdomsförbundet (KDU)

Samtök sem styðja tillögu: Kristillisdemokraattiset Nuoret (KD Nuoret)

Gervigreindin þróast ört, einkum stór mállíkön (LLM) og býður það upp á mikil tækifæri en einnig verulegar áhættur. Nú eru þessar lausnir notaðar í opinberum geira, rannsóknum og atvinnulífi og því er mikilvægt að Norðurlöndin taki höndum saman um að tryggja örugga og ábyrga notkun þeirra.

Stór mállíkön geta gert staðreyndavillur, „skynvillur“ og hægt er að misnota þau í öðrum tilgangi en gert var ráð fyrir og getur þetta skapað aðrar öryggisógnir. Innbyggðar öryggisráðstafanir í líkönunum eru oft ófullnægjandi, og fyrirtækin sem þróa þau leggja megináherslu á virkni þeirra og afköst frekar en að hámarka öryggið. Þetta kallar á frekari aðgerðir og vörn til að draga úr áhættu við notkun þeirra.

Þörf er á frekari aðgerðum og sameiginlegum viðmiðum til að tryggja örugga notkun stórra mállíkana, draga úr áhættu og skapa traustar forsendur fyrir öruggri og ábyrgri notkun þeirra í rannsóknum, opinberum geira og nýsköpun.

UNR leggur til að:

- Norðurlöndin þróa sameiginlega stefnu með áherslu á örugga notkun gervigreindar, þá einkum stórra mállíkana;
- settar verði kröfur um aukalega ytri öryggisvörn við notkun stórra mállíkana.

39. Stórt norrænt mállíkan (LLM)

Samtök sem leggja fram tillögu: Kristdemokratiska Ungdomsförbundet (KDU)

Samtök sem styðja tillögu: Kristillisdemokraattiset Nuoret (KD Nuoret)

Á tímum þegar þróun gervigreindar fer að mestu leyti fram annars staðar en á Norðurlöndum er brýnt að við öxlum ábyrgð á tungumálum okkar, menningu og gildum. Alþjóðleg mállíkön sem nú eru alls ráðandi skortir iðulega þá sértæku þekkingu á Norðurlöndum sem við búum yfir, og hætt er við að þau ýti fjölbreytileika tungumála og norrænum sérkennum til hliðar.

Stórt norrænt mállíkan myndi tryggja að tungumál okkar, þar með talin tungumál þjóðarbrotta og frumbyggja, lifi áfram. Líkanið myndi jafnframt byggja á sameiginlegum gildum okkar, lýðræði, jafnrétti og gagnsæi, auk þess að byggjast á einstakri norrænni þekkingu og menningarlæsi sem önnur mállíkön skortir. Sameiginlegt líkan mætti þróa áfram og sníða að þörfum rannsókna, nýsköpunar og opinbers geira ásamt því að stuðla að inngildandi og skilvirkri þjónustu.

Stórt norrænt mállíkan er því ekki aðeins tækniverkefni heldur fjárfesting í sameiginlegri stafrænni framtíð.

UNR leggur til að:

- Norðurlöndin taki höndum saman um að þróa og þjálfa stórt norrænt mállíkan;
- Norðurlöndin tryggi að líkanið nái yfir öll norræn tungumál, þar með talin tungumál þjóðarbrotá og frumbyggja;
- Norðurlöndin geri fullbúið líkanið og þjálfunargögn opin og aðgengileg öllum (opinn hugbúnaður).